



Árshlutaskýrsla

janúar-september 2006





Tilkynning til Kauphallar Íslands
1. nóvember 2006

Afkoma Exista hf. janúar-september 2006

Afkoma á þriðja ársfjórðungi

- Hagnaður eftir skatta 27,6 milljarðar króna
- Heildareignir í lok tímabils 374 milljarðar króna
- Eigið fé 171 milljarður króna og eiginfjárlutfall 46%

Afkoma á fyrstu níu mánuðum ársins

- Hagnaður eftir skatta 24,3 milljarðar króna
- Hagnaður á hlut 2,54 krónur
- Arðsemi eign fjár 25% á ársgrundvelli
- Rekstarhagnaður af fjárfestingastarfsemi 29,0 milljarðar króna
- Rekstrarhagnaður af rekstrarstarfsemi 4,8 milljarðar króna frá 1. júní 2006

Helstu atburðir á þriðja ársfjórðungi

- Félagið skráð í Kauphöll Íslands
- Um 7.400 nýir hluthafar bættust við eigendahópinn

Lýður Guðmundsson stjórnarformaður Exista:

„Þriðji ársfjórðungur var afar viðburðaríkur hjá Exista. Umfang starfseminnar hefur aukist umtalsvert, félagið var skráð á hlutabréfamarkað 15. september og fjöldi nýrra hluthafa hefur bæst við eigendahópinn. Hagnaður Exista á þriðja ársfjórðungi er vel viðunandi. Verðþróun stærstu eigna var hagstæð, sem og gengisþróun krónunnar, sem hvort tveggja hafði jákvæð áhrif á afkomu félagsins. Samhliða því hefur tilkoma vátrygginga og eignaleigu styrkt tekjugrunn samstæðunnar. Markmið okkar er að breikka og efla rekstrarstöðir félagsins enn frekar á næstu misserum.“

Upplýsingar um uppgjörið veitir Sigurður Nordal framkvæmdastjóri samskiptasviðs í síma 550 8620.

Um Exista

Exista hf. starfar á sviði fjármálaþjónustu, einkum trygginga og eignaleigu, m.a. undir merkjum VÍS og Lýsingar. Exista er jafnframt kjölfestufjárfestir í nokkrum af stærstu fyrirtækjum landsins, þar á meðal Kaupþingi banka, Bakkavör Group og Símanum. Exista er með starfsemi á Íslandi og í Bretlandi. Markmið Exista er að nýta fjárhagslegan styrk sinn til frekari uppbyggingar hér á landi og erlendis.

Upplýsingar um Exista hf. og uppgjörið er að finna á vefsíðu félagsins www.exista.is

Rekstrarreikningur janúar til september

(m.kr)	1.1 - 30.9. 2006	1.1 - 30.9. 2005	Breyting
Fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstur	29.163	26.629	10%
Veltufjáreignir	2.081	493	322%
Arður	1.717	686	150%
Vaxtatekjur	2.386	95	2.423%
Vátryggingariðgjöld	4.174	0	
Aðrar tekjur	442	0	
Tekjur	39.963	27.903	43%
Tjónakostnaður	-3.194	0	
Rekstrarkostnaður	-2.913	-156	1.765%
Kostnaður	-6.106	-156	3.809%
Rekstrarhagnaður	33.857	27.746	22%
Vaxtagjöld	-5.767	-2.281	153%
Gengismunur og verðbætur	-3.351	193	-1.832%
Fjármagnsgjöld	-9.118	-2.088	337%
Hagnaður fyrir skatta	24.738	25.658	-4%
Tekjuskattur	-442	-4.303	-90%
Hagnaður tímabilsins	24.296	21.355	14%
Skíptist á :			
Hlutdeild hluthafa Exista hf.	24.479	21.355	
Hlutdeild minnihluta	-183	0	
Hagnaður á útistandandi hluti (ISK)	2,54	3,54	

Rekstrarreikningur - ársfjórðungar

(m.kr)	3. fj. 2006	2. fj. 2006	1. fj. 2006	4. fj. 2005	3. fj. 2005
Fjáreignir á gangvirði	28.206	-8.854	9.811	22.323	9.737
Veltufjáreignir	264	93	1.724	467	347
Arður	47	22	1.648	1	4
Vaxtatekjur	1.529	841	16	7	30
Vátryggingariðgjöld	3.198	976	0	0	0
Aðrar tekjur	342	101	0	0	0
Tekjur	33.586	-6.822	13.199	22.797	10.119
Tjónakostnaður	-2.560	-633	0	0	0
Rekstrarkostnaður	-2.114	-674	-124	-89	-71
Kostnaður	-4.675	-1.308	-124	-89	-71
Rekstrarhagnaður (tap)	28.912	-8.130	13.075	22.709	10.048
Vaxtagjöld	-2.438	-1.968	-1.362	-1.281	-1.272
Gengismunur og verðbætur	1.846	-2.132	-3.065	-1.161	800
Hagnaður (tap) fyrir skatta	28.320	-12.230	8.648	20.267	9.575
Tekjuskattur	-755	582	-270	8.692	-1.555
Hagnaður (tap) tímabilsins	27.566	-11.649	8.379	28.959	8.020

Um uppgjörð

Níu mánaða uppgjör Exista er hið fyrsta sem félagið birtir eftir skráningu í Kauphöll Íslands hinn 15. september síðastliðinn. Félagið hefur tekið miklum breytingum á tímabilinu og ber að taka tillit til þess í samanburði milli ára og ársfjórðunga. Hinn 1. júní 2006 bættust tryggingafélagið VÍS og eignaleigufyrirtækið Lýsing inn í reikninga Exista samstæðunnar ásamt öðrum eignum VÍS eignarhaldsfélags hf. Við það breyttist félagið úr fjárfestingafyrirtæki í fjármálaþjónustufyrirtæki. Áhrifa þessa gætir bæði í tekju- og kostnaðarliðum samstæðunnar, sem og efnahagsreikningi. Uppgjör Exista er gert í samræmi við alþjóðleg reikningsskil (IFRS).

Rekstrarreikningur samstæðu

Arðsemi

Hagnaður Exista hf. fyrir skatta var 28.320 m.kr. á þriðja ársfjórðungi samanborið við 9.575 m.kr. hagnað á þriðja ársfjórðungi 2005.

Hagnaður fjórðungsins eftir skatta var 27.566 m.kr. en nam 8.020 m.kr. á sama ársfjórðungi í fyrra. Á tímabilinu janúar til september nam hagnaður eftir skatta 24.296 m.kr. í samanburði við 21.355 m.kr. hagnað fyrstu níu mánuði 2005.

Hagnaður á hlut nam 2,54 krónum á fyrstu níu mánuðum ársins. Arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli var 25%.

Tekjur

Heildartekjur samstæðunnar námu 33.586 m.kr. á þriðja ársfjórðungi en þær námu 10.119 m.kr. á sama ársfjórðungi í fyrra. Á fyrstu níu mánuðum ársins námu heildartekjur samstæðunnar 39.963 m.kr. og jukust um 43% á milli ára.

Fjáreignir á gangvirði skiluðu 28.206 m.kr. gengishagnaði á þriðja ársfjórðungi. Gengishagnaður af fjáreignum á gangvirði námu 29.163 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins og jukust um 10% frá sama tímabili í fyrra.

Gengishagnaður fjórðungsins af veltufjáreignum nam 264 m.kr. í samanburði við 347 m.kr. hagnað á þriðja ársfjórðungi í fyrra. Veltufjáreignir félaginu skiluðu hagnaði upp á 2.081 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins borið saman við 493 m.kr. hagnað á sama tímabili í fyrra og jókst því um 322% á milli ára.

Arðstekjur námu alls 47 m.kr. á þriðja ársfjórðungi en voru 4 m.kr. á sama tímabili í fyrra og alls 1.717 m.kr. fyrstu níu mánuði ársins.

Vaxtatekjur, sem einkum eru vegna eignaleigustarfsemi, námu 1.529 m.kr. á fjórðungnum, en eignaleigufyrirtækið Lýsing kom inn í reikninga samstæðunnar 1. júní sl. Vaxtatekjur á sama tímabili 2005 námu einungis 30 m.kr. Vaxtatekjur fyrstu níu mánuði ársins námu alls 2.386 m.kr.

Iðgjaldatekjur tryggingafélaga komu fyrst inn í reikninga samstæðunnar 1. júní 2006 og ná því yfir fjóra mánuði. Alls námu váttrygginga- og lífftryggingaiðgjöld 4.174 m.kr. á því tímabili og þar af námu þau 3.198 m.kr. á þriðja ársfjórðungi.

Gjöld

Heildargjöld samstæðunnar námu alls 4.675 m.kr. á fjórðungnum en voru á sama tímabili í fyrra 71 m.kr. Þetta endurspeglar þær miklu breytingar sem félagið hefur gengið í gegnum eftir kaupin á VÍS eignarhaldsfélagi 1. júní sl. og umskipti Exista úr fjárfestingarfélagi í fjármálaþjónustufyrirtæki. Heildarútgjöld, þar með taldar tjónabætur, fyrstu níu mánuði ársins nema 6.106 m.kr.

Tjóna- og lífftryggingabætur komu inn í reikninga samstæðunnar 1. júní 2006 og námu þær 3.194 m.kr. yfir fjögurra mánaða tímabil og þar af á þriðja ársfjórðungi 2.560 m.kr.

Rekstrarkostnaður samstæðunnar 1. janúar til 30. september var 2.913 m.kr. en nam 156 m.kr. á sama tímabili í fyrra, og endurspeglar það verulega aukið umfang félagsins með tilkomu tryggingafélaga og eignaleigufyrirtækis í samstæðuna.

Rekstrarhagnaður

Rekstrarhagnaður samstæðunnar á fjórðungnum nam 28.912 m.kr. en var 10.048 m.kr. á þriðja ársfjórðungi í fyrra. Á fyrstu níu mánuðum ársins var rekstrarhagnaðurinn 33.857 m.kr. og jókst um 22% frá sama tímabili í fyrra.

Vaxtagjöld samstæðunnar námu alls 2.438 m.kr. á fjórðungnum en þau voru 1.272 m.kr. á þriðja ársfjórðungi í fyrra. Þess ber að geta að ríflega fjórðung vaxtagjalda má rekja til eignaleigustarfsemi sem kom inn í reikninga samstæðunnar 1. júní sl.

Gengismunur og verðbætur voru jákvæð um 1.846 m.kr. á þriðja ársfjórðungi en á fyrstu níu mánuðunum var þessi liður neikvæður um 3.351 m.kr. Þessar sveiflur endurspeglar gengisþróun þar sem skuldir færðar í erlendum myntum eru hærri en eignir. Allnokkrar sviptingar hafa verið á gengi krónunnar á þessu ári, en vegna mikils vaxtamunar á milli Íslands og annarra landa hefur félagið tekið þá ákvörðun að hluti skulda skuli vera í erlendri mynt.

Tekjuskattur var 755 m.kr. á fjórðungnum og á fyrstu níu mánuðum ársins nam hann 442 m.kr.

Afkoma af rekstrar- og fjárfestingastarfsemi

(m.kr)	Rekstrarstarfsemi	Fjárfestingastarfsemi
Vátryggingariðgjöld	4.173	0
Fjárfestingartekjur	6.435	29.354
Tekjur	10.609	29.354
Tjónakostnaður	-3.194	0
Rekstrarkostnaður	-2.593	-320
Kostnaður	-5.787	-320
Rekstrarhagnaður	4.822	29.034

Afkoma starfspáttá

Rekstrarstarfsemi skilaði 4.822 m.kr. rekstrarhagnaði frá 1. júní til 30. september. Heildartekjur námu 10.609 m.kr. og skiptast þannig að vátryggingariðgjöld námu 4.174 m.kr. og fjárfestingartekjur 6.435 m.kr. Heildargjöld námu 5.787 m.kr. og skiptast þannig að tjónakostnaður var 3.194 m.kr. og rekstrarkostnaður var 2.593 m.kr.

Hagnaður af rekstri VÍS nam 3.058 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins. Tekjur af eigin iðgjöldum hafa aukist um 15% það sem af er ári og nam samsett hlutfall félagsins um 116% á fyrstu níu mánuðum ársins. Unnið er að því að auka hagkvæmni í rekstri félagsins og er árangurs af þeim aðgerðum þegar farið að gæta.

Hagnaður af rekstri Lýsingar nam 761 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins og hækkaði um 53% frá sama tímabili í fyrra. Hreinar rekstrartekjur jukust um 43% á milli ára og hafa heildareignir aukist um tæp 50% frá áramótum. Á sama tíma hafa afskriftir útlána verið í sögulegu lágmarki og námu afskrifaðar tapaðar kröfur 0,27% af stöðu útlána í upphafi árs.

Fjárfestingastarfsemi skilaði 29.034 m.kr. rekstrarhagnaði frá 1. janúar til 30. september. Heildartekjur námu 29.354 m.kr. og heildargjöld námu 320 m.kr.

Efnahagsreikningur

(m.kr)	30.9.2006	31.12.2005	Breyting
Eignir			
Fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstur	208.860	148.667	40%
Veltufjáreignir	50.654	7.499	576%
Útlán og kröfur	60.395	0	
Viðskiptavild	44.149	0	
Endurtryggingaeignir	2.134	0	
Rekstrarfjármunir	1.252	0	
Handbært fé	5.575	4.965	12%
Aðrar eignir	828	651	27%
Eignir samtals	373.849	161.782	131%
Eigið fé			
Hlutfé	10.839	8.689	25%
Lögbundinn varasjóður	2.161	2.161	0%
Yfirverðsreikningur hlutafjár býðingarmunur	70.436	17.351	306%
Óráðstafað eigið fé	0	-135	
Eigið fé hluthafa móðurfélags	87.382	68.037	28%
Hlutdeild minnihluta	170.818	96.104	78%
Eigið fé samtals	171.023	96.104	78%
Skuldir			
Lántaka	170.779	65.499	161%
Vátrygginga- og líftryggingaskuld	24.333	0	
Tekjuskattskuldbinding	5.102	35	
Aðrar skuldir	2.611	144	
Skuldir samtals	202.826	65.678	209%
Eigið fé og skuldir samtals	373.849	161.782	131%

Efnahagsreikningur samstæðu

Eignir

Heildareignir félagsins námu 373,8 milljörðum króna hinn 30. september og höfðu þá aukist um 212 milljarða króna eða 131% frá áramótum.

Fjáreignir á gangvirði námu 208,9 milljörðum króna í lok september og höfðu aukist um 40% frá áramótum. Þar af námu skráð hlutabréf 193,5 m.kr.

Veltufjáreignir námu 50,7 milljörðum króna og jukust um 43,2 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Hluta af aukningunni má skýra með tilkomu tryggingafélaga og vátryggingaskuldar í reikninga samstæðunnar. Af veltufjáreignum er stærstur hluti í skráðum hlutabréfum, eða 36,6 milljarðar króna.

Útlán og kröfur námu 60,4 milljörðum króna 30. september og skýrast að mestu leyti af eignaleigustarfsemi Lýsingar. Alls námu eignaleigusamningar 47,1 milljarði kr. í lok september.

Viðskiptavild samstæðunnar stóð í 44,1 milljarði króna í lok tímabilsins og skýrist af kaupum Exista á VÍS eignarhaldsfélagi í maí og kaupum VÍS eignarhaldsfélags á Lýsingu í febrúar 2005.

Endurtryggingaeignir námu 2,1 milljarði króna í lok september.

Handbært fé nam 5,6 milljörðum króna í lok tímabilsins.

Skuldir og eigið fé

Heildarskuldir samstæðunnar námu 202,8 milljörðum króna hinn 30. september og höfðu aukist um 209% frá áramótum.

Lántökur námu 170,8 milljörðum króna og höfðu aukist um 161%, sem endurspeglar m.a. innkomu Lýsingar í reikninga samstæðunnar.

Vátrygginga- og líftryggingaskuld nam 24,3 milljörðum króna í lok september.

Tekjuskattskuldbinding nam 5,1 milljörðum króna.

Eigið fé samstæðunnar nam 171,0 milljarði króna hinn 30. september og jókst um 78% frá áramótum. Eiginfjárlutfall í lok tímabilsins var 45,7%.

Helstu atburðir á þriðja ársfjórðungi

Skráning

Hlutir Exista voru skráðir á Aðallista Kauphallar Íslands 15. september síðastliðinn. Fjöldi skráðra hluta er 10,838,746,119 og er nafnverð hvers hlutar 1 króna.

Einkenni Exista í Kauphöllinni er EXISTA og fór félagið inn í fjármálavísitölu Kauphallarinnar frá og með 18. september síðastliðnum. Skráning Exista var stærsta nýskráning í Kauphöll Íslands til þessa.

Sala hlutafjár

Í ágúst og september síðastliðnum bættist fjöldi nýrra hluthafa í eigendahóp Exista með sölu Kaupþings banka á hlutum í félaginu til fagfjárfesta og almennings.

Í byrjun ágúst keyptu níu lífeyrissjóðir 6,1% hlutafjár í Exista af Kaupþingi banka. Hinn 8. september seldi bankinn fagfjárfestum 300 milljónir hluta eða um 2,7% af heildarhlutafé félagsins og var umframáskrift veruleg. Mikill áhugi var einnig í útboði til almennings og skráðu um 7.400 fjárfestar sig fyrir hlutum í félaginu. Um 200 starfsmenn skráðu sig fyrir hlutum í sérstöku útboði.

Helstu atburðir eftir lok reikningstímabilsins

Arðgreiðsla Kaupþings banka

Hinn 26. október síðastliðinn greiddi Kaupþing banki hluthöfum sínum í arð 830.691.316 hluti í Exista. Hluthafar fengu 1,25 hluti í Exista fyrir hvern hlut í Kaupþingi banka. Þar með bættust rösklega 30 þúsund fjárfestar í hluthafahóp Exista. Eftir sölu hlutafjár í ágúst og september og arðgreiðsluna í október hefur eignarhlutur Kaupþings banka í Exista farið úr 20,9% niður í 3,4%.

Sala á Verði Íslandstryggingu

Hinn 16. október síðastliðinn gekk Exista frá sölu á öllum hlut sínum í Verði Íslandstryggingu hf., eða 56,65% hlut. Salan hefur óveruleg áhrif á rekstur og efnahag félagsins en samkvæmt samningi við kaupanda er söluverðið trúnaðarmál. Salan er gerð með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Hluthafalisti

Stærstu hluthafar Exista miðað við hluthafalista 30. október eru þessir:

Hluthafi	Fjöldi hluta	Hlutfall af heildarhlutafé
Bakkabraedur Holding B.V.	5.135.943.722	47,39%
SPRON	686.725.169	6,34%
Eignarhaldsfélagið Hesteyri ehf	621.594.909	5,73%
Eignarhaldsf Samvinnutrygg svf	615.511.259	5,68%
Sparisjóðabanki Íslands hf	500.258.139	4,62%
Kaupþing banki hf	367.695.135	3,39%
Sparisjóðurinn í Keflavík	335.406.242	3,09%
Arion safnreikningur	271.977.128	2,51%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	226.154.733	2,09%
Gildi -lífeyrissjóður	185.429.407	1,71%
Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	175.585.316	1,62%
Eignarhaldsfélagið Andvaka gt	170.120.118	1,57%
Exista B.V	157.741.305	1,46%
Sparisjóður Mýrasýslu	140.265.103	1,29%
Egla hf	80.868.771	0,75%
Sparisjóður Vestfirðinga	74.002.205	0,68%
Straumur - Burðarás Fjárfestingarbanki	73.528.694	0,68%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	65.859.354	0,61%
Sparisjóður Húnaþings/Stranda	58.194.760	0,54%
Tuttugu stærstu hluthafar	9.942.861.469	91,73%
Aðrir hluthafar	895.884.650	8,27%
Samtals	10.838.746.119	100%

Horfur

Horfur í starfsemi Exista hf. eru almennt jákvæðar og er unnið að því að efla rekstrarstöðir félagsins enn frekar. Við kaupin á VÍS eignarhaldsfélagi var þegar í stað hafist handa við að hagræða og auka arðsemi tryggingastarfseminnar og verður áfram unnið að því verkefni. Rekstur Lýsingar gengur vel og eru horfur í starfseminni jákvæðar. Rétt er að vekja athygli á því að afkoma Exista hf. er háð óvissu og sveiflum sem ekki eru á valdi félagsins, svo sem vegna þróunar fjármálamarkaða og verðþróunar stærstu eigna.

Kynningarfundur

Kynningarfundur um uppgjörð fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 3. nóvember næst komandi. Þar munu stjórnendur Exista kynna uppgjör félagsins og svara fyrirspurnum. Fundurinn verður haldinn á 5. hæð í húsnæði Exista að Ármúla 3 og hefst kl. 08:30.

Að fundi loknum verður efni hans aðgengilegt á vef Exista, www.exista.com.

Birting ársreiknings 2006

Ársreikningur Exista fyrir árið 2006 verður birtur 8. febrúar 2007.

Endurskoðun

Árshlutauppgjörð hefur verið kannað af endurskoðendum félagsins, Deloitte hf.

Nánari upplýsingar

Upplýsingar um uppgjörð veitir Sigurður Nordal framkvæmdastjóri samskiptasviðs í síma 550 8620.

Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfang fyrir fjárfesta ir@exista.com.

Um Exista

Exista hf. starfar á sviði fjármálaþjónustu, einkum trygginga og eignaleigu, m.a. undir merkjum VÍS og Lýsingar. Exista er jafnframt kjölfestuþjárfestir í nokkrum af stærstu fyrirtækjum landsins, þar á meðal Kaupþingi banka, Bakkavör Group og Símanum. Exista er með starfsemi á Íslandi og í Bretlandi. Markmið Exista er að nýta fjárhagslegan styrk sinn til frekari uppbyggingar hér á landi og erlendis.